

Agæti alþingismaður. *Erindi nr. Þ 116 / 581* 14/12 1992

komudagur 14 / 12 1992

Innan BSRB hefur að undanförnu farið fram viðtæk umræða um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar og þau fjárlög sem nú hafa verið lögð fram. Það væri of vægt til orða tekið að tala um óánægju fólks vegna þeirra ráðstafana sem boðaðar eru. Sannast sagna veldur stefna ríkisstjórnarinnar fólki miklum áhyggjum. Almenn þykir sú grundvallarhugsun sem býr að baki stefnu stjórnvalda vera röng í veigamiklum atriðum en einnig hljóti margt að vera vanhugsað. Þess vegna hefur verið ákveðið að senda þingmonnum þetta bréf og skyra í hvaða samhengi við sjáum málin.

Milljarðar til fyrirtækja

Í lok nóvember birti ríkisstjórnin yfirlýsingu um markmið og leiðir í efnahagsmálum. Meginmarkmiðið var að hennar sögn "að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs og sporna gegn auknu atvinnuleysi." Sú leið sem valin var byggðist fyrst og fremst á skattatilfærslum frá fyrirtækjum og yfir á almenning. Frekari utfærsla beið fjárlagafrumvarps og fylgifrúvarpa þess. Þær ráðstafanir sem þar eru nú boðaðar verða því aðeins skiljanlegar að þær séu skodáðar í þessu ljósi.

Það gefur auga leið að til að vega upp á móti 5 til 6 milljarða tekjutapi ríkisins við lækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 45% í 33% og afnámí aðstöðugjalds, - ríkið hefur skuldbundið sig til að bæta sveitarfélögunum að miklum hluta upp missi aðstöðugjaldsins með hlutdeild í tekjum ríkisins - þá þarf að koma til veruleg tekjuöflun annars staðar frá.

Milljarðar frá barnafólki, húsnæðis kaupendum, sjúklingum, ellilífeyrisþegum og öryrkjum.

Einmitt þess vegna er nú boðuð tekjuskattshækkun hjá einstaklingum, virðisaukaskattstofninn breikkaður þannig að hann tekur m.a. til hushitunar, bensingjald hækkad og ráðgert að skerða vaxtabætur hjá fólki sem er að afla húsnæðis. Þá er ráðgert að skerða barnabætur um hálfan milljarð, en á síðasta fjárlagaári voru barnabætur einnig skertar um 500 milljónir. Mæðra- og fedralaun lækka og til stendur að láta öryrkja og ellilífeyrisþega borga stærri hlut í tannlæknakostnaði. Hlutur barna og unglínga í slíkum kostnaði er einnig aukinn. Nú sem fyrr eru hin breiðu bók fundin á meðal sjúklinga og stendur til að láta þá borga herra hlutfall lyfjakostnaðar en áður og tekjur af aðgangseyri heilsugæslustöðva auknar. Þá er boðað að lögð verði á skólagjöld.

Með þessum hætti er fjármagnaður sa tekjumissir sem samneyslan verður fyrir þegar skottum er lett af fyrirtækjum. Við höfum reiknað ut hvað þessar ráðstafanir, auk gengisfellingar upp á 6%, þýða í tekjutap fyrir launafólk, en að sjálfsögðu verður það dæmi gert betur upp að lokinni

fjarlagagerð og fyrir næstu samningalotu. Fólk mun eðlilega vilja vita hver fjárhagsleg staða þess verður vegna þeirra ráðstafana sem ríkisstjórnin gripur til áður en sest er að samningaborði.

220 þúsund króna álögur á venjulega fjölskyldu

Í grófum dráttum litur kaupmáttardæmið þannig út núna: Gengisfelling um 6% mun valda því að verðlag hækkar meira það sem eftir er árs og á næsta ári en gert hafði verið ráð fyrir. Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir því að verðbólga á næsta ári yrði um 2%, en vegna gengisfellingarinnar er gert ráð fyrir að hún verði 4,5%. Þetta þýðir kaupmáttarrýrnun frá nóvember 1992 til desember 1993 upp á 5,3%. Auk þess rýrir 1,5% skattahækkunin kaupmátt um það sem henni nemur. Einnig er ljóst að húsnæðis kaupendur verða fyrir kaupmáttarrýrnun vegna skerðingar vaxtabóta. Barnafólk verður fyrir mismikilli skerðingu háð tekjum og fjölskyldustærð vegna skerðingar á barnabótum. Hjón með tvo börn (annað yngra en 7 ára) og meðaltekjur verða af þessu einu fyrir 0,7% kaupmáttarskerðingu. Þá á enn eftir að koma í ljós hver breyting verður á læknis- og lyfjakostnaði en slíkt hefur að sjálfsögðu áhrif á ráðstöfunartekjur sjúklinga. Fyrirsjáanleg kaupmáttarskerðing fyrir meðalfjölskyldu með tvö börn nemur þegar 7,5 - 8%. Þetta jafngildir 220 þúsund krónum á ári. Það munar um minna.

Árviss ótti við Fjárlög

Vitanlega er kaupmáttarskerðingin breytileg og ræðst af því hver staða heimila og einstaklinga er, hversu mörg börn eru á framfæri og hvernig fólk er til heilsunnar. Við höfum orðið vor við að einstaklingar sem eru bágbornir til heilsunnar hafi kvíðið þessum fjárlögum ríkisstjórnarinnar reynslunni ríkari frá í fyrra. Hið sama á við um barnafólk og húsnæðis kaupendur þótt í þeim hópi hafi almennt verið talið að ríkisstjórninni hlyti að þykja nóg að gert í fjárlögum yfirstandandi árs. Nú hefur hins vegar komið fram að svo var ekki. Kaupmáttur meðaltekjufjölskyldu með tvö börn mun hafa skerst með þessu fjárlagafrumvarpi og fjárlögum yfirstandandi árs um 3,5% vegna tekjuskattsbreytinganna og breytinga á barnabótum. Á tveimur árum hafa barnabætur þessarar fjölskyldu verið skertar um 45%.

Tilfærsla en ekki sparnaður

Ríkisstjórnin hefur íðulega reynt að réttlæta niðurskurðaráform sín með skirskotun til erfiðra ytri aðstæðna. Þjóðin sjái fram á samdratt og þess vegna verði hun að spara. Þetta er rett svo langt sem það nær. Hitt er annað mál að ekki ma rugla saman sparnaði og tilfærslu á utgjöldum. Um slíkt hefur t.d. verið að ræða vegna niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu. Fólk hættir ekki að verða veikt þótt gjöld séu tekin fyrir aðhlyningu, og fólk

reynir af fremsta megni að leita sér lækninga hvort sem hana er að finna innan samneyslunnar eða hjá einkaadilum. Það sem við hofum orðið vitni að innan heilbrigðiskerfisins á undanförunum misserum eru tilraunir til að flytja tilkostnað frá samneyslunni yfir á sjúklinga. Þannig voru svo dæmi sé tekið settar nýjar álögur á stomasjúklinga í fyrra, reyndar þvert ofan í gefin loforð. Þar með sparði íslenska ríkið en íslenska þjóðin ekki. Hinn sjúki þjóðfélagsþegn var latinn borga brúsann. Auk þess að vera ranglátar eru tilfærslur af þessu tagi gervilausnir á þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir vegna fyrirsjáanlegs aflasamdráttar og annarra ytri aðstæðna.

Hvað gera Norðmenn?

Þá er rétt að minna á að ástæðan fyrir því að hér hefur verið komið upp samfélagslegu húsnæðiskerfi og velferðarþjónustu er ekki einvörðungu sú að þjóðin hafi viljað stuðla að félagslegum jöfnuði í landinu. Hér er einnig um hrein hagkvæmnissjónarmið að ræða. Í stað þess að greiða fólki laun í samræmi við það að hver og einn sé með börn á framfæri allt sitt líf, standi stóðugt í húsnæðis kaupum og búi alltaf við sjúkdóma sem krefjast kostnaðarsamra lækninga hefur þótt hagkvæmara og kostnaðarminna fyrir atvinnulífið í landinu að sjá fyrir samfélagslegum lausnum. Þetta er hugsunin á bak við barnabætur sem fólk fær á meðan það hefur börn á framfæri, vaxtabætur á meðan það er að koma sér upp húsnæði, stuðning vegna læknskostnaðar þegar fólk verður veikt og svo framvegis. Þegar norska stjórnin ihugar nú að greiða niður matvæli og hækka barnabætur til að bæta launafólki upp gengisfellinguna er hún að skoda málin í slíku samhengi. Þar á bæ er það einfaldlega talið ódýrara fyrir samfélagið allt en láta þetta kom fram í kauphækkunum til allra. Á þessu virðast íslenskir ráðamenn ekki átta sig, nú þegar þeir hafa ráðist til atlögu gegn velferðarkerfinu og millifærslum á borð við barnabætur og vaxtabætur.

Misskiptingarkreppa. Ójöfnuður veikir atvinnulíf. Jöfnuður stuðlar að hagvexti

Hér á landi hefur mismunun aukist á undanförunum árum. Sú hefur reyndar orðið raunin í mörgum þeim ríkjum sem við íðulega berum okkur saman við. Sú kenning skýtur nú æ víðar upp kollinum að til vaxandi misskiptingar megji rekja þá kreppu sem einkennir flest iðnaðarríki. Tekjulágu fólki fjölgar, hvort sem það er í vinnu eða án vinnu. Slíkt fólk verður smám saman aukin byrði á samneyslunni sem aftur kallar á auknar skattbyrðar eða aukinn útgjaldahalla (kostnaður af atvinnuleysi í Bretlandi er 7,4% af landsframleiðslu og í Danmörku 4,5% eða samsvarandi hlutfall og Íslendingar verja til menntamála). Hlutur tekjulágs folks í neyslu verður ryr. Þess vegna veldur misskiptingin því að hjól framleiðslu og viðskipta snúast hægar. Þetta á ekki síður við - jafnvel fremur - í litlu efnahagskerfi eins og okkar en í stórum samfélögum. Ríkt fólk kaupir dýrar

munaðarvörur sem framleiddar eru erlendis á meðan meðaltekjumaðurinn kaupir almenna innlenda neysluvöru og nýtir sér almenna þjónustu, kaupir blóð og bækur, fer í leikhús og bíó og ferðast um landið og nýtur þess sem þar er boðið upp á. Þá má benda á að innlendir iðnvarningur og innlend þjónusta er að mestu leyti til almennrar neyslu og hagar íslensku fyrirtækjanna því háður kaupgetu almennings. Markaður þeirra er fyrst og fremst hér á landi. Þess vegna skiptir kaupgeta fjöldans þau öllu máli. Og þess vegna er jöfnuður forsenda hagvaxtar. Ójöfnuður dregur hins vegar úr hagvexti og grefur undan atvinnutækifærum.

Sumt sambærilegra en annað

Þær skattabreytingar sem hér hafa verið kynntar munu ekki skila sér í eflingu atvinnulífs. Þegar fram liða stundir mun niðurskurðarstefnan hins vegar draga úr möguleikum hins opinbera til að starfrækja öflugt þjónustu- og velferðarkerfi sem er forsenda heilbrigðs efnahagslífs.

Ríkisstjórnin segist vera að laga skattakjör íslenskra fyrirtækja " að aðstæðum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins" svo vitnað sé til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 23. nóvember sl. Það er rétt að aðstöðugjald mun hafa verið séríslenskt fyrirbæri. Hitt er annað mál að skattar á fyrirtæki hafa verið mun lægri á Íslandi en í Evrópubandalagsríkjunum. Heildarskattar á íslensk fyrirtæki eru aðeins 6,4% (lífeyrissjóðsframlag meðtalið) af þjóðarframleiðslu en meðaltal Evrópuþjóða er 9,2%. Það mun vera sammerkt með mörgum ráðandi stjórnámálamönnum hér og í ýmsum öðrum ríkjum sem eru með EES á dagskrá að þeir réttlæti niðurskurðaráform sín í ljósi þess að einhvers staðar í Evrópu sé gólfíð lægra. Við þurfum að vera sambærilegir til að vera samkeppnisfærir segja þeir. En það er athyglisvert í þessu sambandi að sömu menn tala ekki um nauðsyn þess að samræma lengd skóladags og skatta á fjarmagnstekjur.

Hvað er til ráða?

Látum hina efnameiri borga með hærri þjónustugjöldum, segja menn, í því felst lausnin. Sumir tala jafnvel um þetta sem réttláta jöfnunaraðgerð. Tekjutengdir sjúkraskattar eru hins vegar harla undarleg jöfnunaraðgerð. Hér ber að hafa í huga að nákvæmlega sömu upplýsingar, nákvæmlega sömu kvarðar, sem lagðir yrðu til grundvallar tekjutengdum sjúkrasköttum eru notaðir nú við álagningu tekjuskatta almennt. Það eina sem breyttist væri að í stað þess að skattleggja ríka einstaklinga yrði nú beðið þangað til þeir yrðu veikir. Hið rétta hlýtur að vera að skattleggja aflogufært fólk en ekki sjúklinga sérstaklega.


Ef byggja á velferðarkerfi á varanlegum grunni þá þarf réttlát skattlagning að liggja til grundvallar. Nú stendur hins vegar til að færa marga milljarða af stórfyrirtækjum sem eru aflogufær og geta borgað af

hagnaði sínum. Einnig hefur verið tekin um það ákvörðun að veita fjármagnseigendum áfram skattaafslátt.

Til að standa straum af kostnaðinum við þetta er leitað til almenns launafólks og sérstaklega þess sem býr við ómegð og sjúkdóma.

Þeir alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, sem innst inni efast um að þetta sé í raun farsæl leið, þurfa að hafa manndóm i sér til að hafna þessum ráðstöfunum.

Með kvæðju,



Ógmundur Jónsson
form. BSRB

DÆMI UM BREYTINGAR Á RÁÐSTÖFUNARTEKJUM VEGNA HÆKKUNAR SKATTHLUTFALLS
OG SKERÐINGAR BARNABÓTA

HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN Þ.A. ANNAÐ YNGRA EN 7 ÁRA

Tekjur hjóna	Ráðstöfunartekjur á mánuði			Breytingar milli ára			Breytingar sem hlutfall af tekjum		
	Árið 1991	Árið 1992	Árið 1993	1991- 1992	1992- 1993	1991- 1993	1991- 1992	1992- 1993	1991- 1993
80,000	99,881	100,328	100,313	447	-15	432	0.56	-0.02	0.54
100,000	118,861	119,308	118,743	447	-565	-118	0.45	-0.57	-0.12
120,000	136,461	136,908	134,749	447	-2159	-1712	0.37	-1.80	-1.43
140,000	146,339	146,716	144,079	377	-2637	-2260	0.27	-1.88	-1.61
160,000	155,981	156,342	153,409	361	-2933	-2572	0.23	-1.83	-1.61
180,000	165,623	165,968	162,739	345	-3229	-2884	0.19	-1.79	-1.60
200,000	176,838	175,594	172,069	-1244	-3525	-4769	-0.62	-1.76	-2.38
220,000	188,880	185,759	181,399	-3121	-4360	-7481	-1.42	-1.98	-3.40
235,000	197,912	194,779	189,666	-3133	-5112	-8245	-1.33	-2.18	-3.51
240,000	200,922	197,785	192,599	-3137	-5186	-8323	-1.31	-2.16	-3.47
260,000	212,964	209,811	204,329	-3153	-5482	-8635	-1.21	-2.11	-3.32
280,000	225,006	221,837	216,059	-3169	-5778	-8947	-1.13	-2.06	-3.20
300,000	237,048	233,863	227,789	-3185	-6074	-9259	-1.06	-2.02	-3.09
320,000	249,090	245,889	239,519	-3201	-6370	-9571	-1.00	-1.99	-2.99
340,000	261,132	257,915	251,249	-3217	-6666	-9883	-0.95	-1.96	-2.91
360,000	273,174	269,941	262,979	-3233	-6962	-10195	-0.90	-1.93	-2.83
380,000	285,216	281,967	274,709	-3249	-7258	-10507	-0.86	-1.91	-2.77
400,000	297,258	293,993	286,439	-3265	-7554	-10819	-0.82	-1.89	-2.70
450,000	327,363	324,058	313,264	-3305	-10794	-14099	-0.73	-2.40	-3.13
500,000	357,468	354,123	340,089	-3345	-14034	-17379	-0.67	-2.81	-3.48

Meðaltekjur hjóna eru 235,000 krónur á mánuði

BREYTINGAR Á RÁÐSTÖFUNARTEKJUM VEGNA HÆKKUNAR SKATTHLUTFALLS 1991-1993

Tekjur hjóna	Ráðstöfunartekjur á mánuði			Breytingar milli ára			Breytingar sem hlutfall af tekjum		
	Árið 1991	Árið 1992	Árið 1993	1991- 1992	1992- 1993	1991- 1993	1991- 1992	1992- 1993	1991- 1993
80,000	80,000	80,000	80,000	0	0	0	0.00	0.0	0.00
100,000	100,000	100,000	100,000	0	0	0	0.00	0.0	0.00
120,000	120,000	120,000	118,406	0	-1594	-1594	0.00	-1.3	-1.33
140,000	132,278	132,208	130,136	-70	-2072	-2142	-0.05	-1.5	-1.53
160,000	144,320	144,234	141,866	-86	-2368	-2454	-0.05	-1.5	-1.53
180,000	156,362	156,260	153,596	-102	-2664	-2766	-0.06	-1.5	-1.54
200,000	168,404	168,286	165,326	-118	-2960	-3078	-0.06	-1.5	-1.54
220,000	180,446	180,312	177,056	-134	-3256	-3390	-0.06	-1.5	-1.54
235,000	189,478	189,332	185,854	-146	-3478	-3624	-0.06	-1.5	-1.54
240,000	192,488	192,338	188,786	-150	-3552	-3702	-0.06	-1.5	-1.54
260,000	204,530	204,364	200,516	-166	-3848	-4014	-0.06	-1.5	-1.54
280,000	216,572	216,390	212,246	-182	-4144	-4326	-0.07	-1.5	-1.55
300,000	228,614	228,416	223,976	-198	-4440	-4638	-0.07	-1.5	-1.55
320,000	240,656	240,442	235,706	-214	-4736	-4950	-0.07	-1.5	-1.55
340,000	252,698	252,468	247,436	-230	-5032	-5262	-0.07	-1.5	-1.55
360,000	264,740	264,494	259,166	-246	-5328	-5574	-0.07	-1.5	-1.55
380,000	276,782	276,520	270,896	-262	-5624	-5886	-0.07	-1.5	-1.55
400,000	288,824	288,546	282,626	-278	-5920	-6198	-0.07	-1.5	-1.55
450,000	318,929	318,611	309,451	-318	-9160	-9478	-0.07	-2.0	-2.11
500,000	349,034	348,676	336,276	-358	-12400	-12758	-0.07	-2.5	-2.55

Meðaltekjur hjóna eru 235,000 krónur á mánuði

DÆMI UM BREYTINGAR Á BARNABÓTUM 1991-1993
HJÓN MEÐ TVÖ BÖRN Þ.A. ANNAD YNGRA EN 7 ÁRA

Tekjur hjóna	Barnabætur á ári			Breytingar milli ára			Breytingar sem hlutfall af tekjum		
	Árið 1991	Árið 1992	Árið 1993	1991-1992	1992-1993	1991-1993	1991-1992	1992-1993	1991-1993
80,000	238,572	243,939	243,755	5367	-184	5183	0.56	-0.02	0.54
100,000	226,332	231,699	224,915	5367	-6784	-1417	0.45	-0.57	-0.12
120,000	197,532	202,899	196,115	5367	-6784	-1417	0.37	-0.47	-0.10
140,000	168,732	174,099	167,315	5367	-6784	-1417	0.32	-0.40	-0.08
160,000	139,932	145,299	138,515	5367	-6784	-1417	0.28	-0.35	-0.07
180,000	111,132	116,499	109,715	5367	-6784	-1417	0.25	-0.31	-0.07
200,000	101,212	87,699	80,915	-13513	-6784	-20297	-0.56	-0.28	-0.85
220,000	101,212	65,367	52,115	-35845	-13252	-49097	-1.36	-0.50	-1.86
235,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-1.27	-0.70	-1.97
240,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-1.24	-0.68	-1.93
260,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-1.15	-0.63	-1.78
280,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-1.07	-0.58	-1.65
300,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-1.00	-0.54	-1.54
320,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.93	-0.51	-1.44
340,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.88	-0.48	-1.36
360,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.83	-0.45	-1.28
380,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.79	-0.43	-1.22
400,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.75	-0.41	-1.16
450,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.66	-0.36	-1.03
500,000	101,212	65,367	45,755	-35845	-19612	-55457	-0.60	-0.33	-0.92

Meðaltekjur hjóna eru 235,000 krónur á mánuði

UPPHÆÐIR BARNABÓTA Á ÁRI OG BREYTINGAR Á ÞEIM 1991-1993

	Breytingar milli ára					
	Árið 1991	Árið 1992	Árið 1993	1991-1992	1992-1993	1991-1993
Með 1. barni	28,917	8,886	6,220	-69.3	-30.0	-78.5
Með 2. börnum og ofl.	43,378	27,564	19,295	-36.5	-30.0	-55.5
Með barni yngra en 7 ára	28,917	28,917	20,240	0.0	-30.0	-30.0
Barnabótaauki	68,680	89,286	99,000	30.0	10.9	44.1

TEKJUMÖRK OG SKERÐINGARHLUTFALL BARNABÓTAAUKA

Fjöldi barna	Skerðingar hlutfall	1991		1992		1993	
		Neðri mörk	Efri mörk	Neðri mörk	Efri mörk	Neðri mörk	Efri mörk
1. barn	7%	1,098,000	2,079,143	1,098,000	2,373,514	1,043,000	2,457,286
2. börn	6%	1,098,000	2,242,667	1,098,000	2,586,100	1,043,000	2,693,000
3. börn	5%	1,098,000	2,471,600	1,098,000	2,883,720	1,043,000	3,023,000
4 eða fl. börn	4%	1,098,000	2,815,000	1,098,000	3,330,150	1,043,000	3,518,000